

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík




Reykjavík, 19. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141100082/abb


Umsögn: Þingskjal 372– 305. mál. Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 með síðari breytingum (kerfisáætlun).

Vísað er til erindis frá Atvinnuveganefnd Alþingis til Umhverfisstofnunar, dags. 12. nóvember sl., þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að leggja fram umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (kerfisáætlun, EES-reglur), 305. mál. Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri við nefndina.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að innleiða ákvæði um kerfisáætlanir flutningsfyrirtækja, sbr. 22. gr. tilskipunar nr. 2009/72/ESB ásamt því að taka mið af nýlegri skýrslu stjórnvalda um raflínur í jörðu. Samt sem áður vill stofnunin gera eftirfarandi athugasemd við frumvarpið. Skv. 2. gr. frv. er mælt fyrir um reglugerðarheimild sem verður í 9. gr. d laganna, sem nær einnig til eftirfylgni úrræða, m.a. til hvaða úrræða eftirlitsaðili hefur til þess að kerfisáætlun sé fylgt eftir. Umhverfisstofnun telur að það þurfi að mæla skýrar á um þessi úrræði eftirlitsaðila í lögum, a.m.k. sé settur ákveðinn rammi um þau.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri